BURÐARÞOL ALMENNAR SKÝRINGAR.

UNDIRSTÖÐUR:

Húsið er grundað á vel þjappaða malarfyllingu.

Vakin er athygli á ákvæðum byggingar-samþykktar varðandi undirstöður.

Álag frá undirstöðum á vel þjappaða hraun eða böglaberg. er reiknað samkvæmt RB-blaði nr. (L4)102.

Fylling með þjöppunargildi E_2=110 MPa og $E_2/E_1 \leqslant 2.3$

Þá er leyfilegt álag er skv. formúlunni (h=1.2 m)

$$q = 0.5xN_\gamma xBx\gamma(1-0.3xBxL)_q + p'xN$$

$N_\gamma = 42$

$N_q = 30$

$\gamma = 16.0\ KN/m^3$

$p' = 16.0\ KN/m^2$

(φ °= 45 og F=1.5)

Samanber RB-blað nr. Rb (L4), 102.

Mesta reiknislegt álag á malarfyllingu er q_{max} = 0.55 MPa.



Minnsta hæð sökkla við útvegg er 80 cm undir endanlegu jarðvegsyfirborði nema um sé að ræða hreina klöpp/móhellu eða hraunfyllingu, sökklar skulu þó aldrei vera minna en 30 cm undir efri brún botnplötu.

Úrtök úr sökklum fyrir frárennslislagnir, sjá frárennslisteikningar, lagnir í grunni.

Liggi frárennsli dýpra en sökkull, skal fjarlægðin milli sökkuls og lagnar vera jöfn eða meiri en dýptarmunurinn. Þar sem lögn liggur gegnum sökkul skal dýpka sökkul sitt hvoru megin við.

Efst og neðst í alla veggsökkla komi langjárn 2K12 nema annað sé tekið fram, járnin eru víxllögð um 80 cm í hornum og á samsk.

Punktar á grunnmynd tákna lóðrétt K16 járn 115 cm löng, sem standa 60 cm upp úr sökklum.

Undir gólfplötu komi malarfylling með þjöppunargildi sem samsvarar til 98% standard proctors.

STÁLVIRKI:

Allt stál utanhúss skal vera heitgalvanhúðað .
Stál sem varið er fyrir veðrun og er inni í burðargrind skal vera grunnað + 2 umf. af olíumálningu.
Allt stál skal vera S-235.
Allar suður í stálvirki skulu hafa a-mál > 6 mm nema annað sé tekið fram.

TRÉVIRKI (ÞAK):

Naglar og girði skulu vera heitgalvaniserað.
Boltastærðir eru í mm, timburstærðir eru í tommum ('), önnur mál eru í cm. Ytra burðarvirki í þaki skal fúaverja með lituðu fúavarnarefni. Leggja skal tjörupappa eða olíusoðið masonit milli steins og timburs.
Útloftun þakeinangrunar, sjá arkit.teikningar.
Skinnur á boltum í trévirki skulu vera að þvermáli > 3d og þykkt > 0.3d þar sem d er þvermál bolta, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Timbur í burðarvirki skal vera að gæðum C24 samkv. FS ENV staðli.

MÓTASMÍÐI:

Undirsláttur undir berandi plötum skal vera með yfirhæð sem skal vera 1/300 af styttri haflengd plötunar.

JÁRNBENDING:

Járnastærðir eru í mm, en önnur ónefnd mál í cm.

Steypustyrktarstál merkt R á teikningu er slétt stál ST 37.12. Steypustyrktarstál merkt K á teikningum er kambstál B500NL samkvæmt ÍST NS 3576-3:2005

MERKING JÁRNA:

K8 c 25 merkir að eitt 8 mm kambjárn komi á hverja 25 cm. Í plötu er fjarlægð gefin milli beinna járna innbyrðis og milli uppbeygðra járna innbyrðis.

——— járn í neðri brún plötu.
— — — — járn í efri brún plötu.

1#: einföld járnagrind í kross í miðjum vegg, nema annað sé tekið fram.

2#: tvöföld járnagrind í kross hvor um sig staðsett í útbrún veggjar.

BEYGJUR OG SAMSKEYTI Á KS 50:

Mál í járnaskrá miðast við beinu línurnar.
Þegar fundin er klippilengd dragast 5,5d frá gefinni lengd fyrir hverja 90 beygju, en 0,6d fyrir hverja 45 beygju.

ÞVERMÁL JÁRNS.	mm.	8	10	12	16	20	25
Þvermál beygjuhrings D=20d.	cm.	16	20	24	32	40	50
90° beygja, 5.5d.	cm.	4	6	7	9	11	14
45° beygja, 0.6d.	cm.	0.5	0.5	1.0	1.0	1.5	2.0
Víxlunarlengd á samskeytum.	cm.	32	40	48	64	80	100

MERKING JÁRNA:



D = 3d fyrir slétt járn (ST 37.12)

D = 5d fyrir kambjárn (Ks 50).

Heimilt er að nota Ks10 í stað R10 í gjarðir.

Allar gjarðir skulu vera úr suðuhæfu stáli.

Bil milli láréttra járna í bitum er 2,5 cm fyrir 16 mm járn, en 3 cm fyrir sverari járn.

Í plötum má ekki skeyta meira en þriðja hvert járn í þversniði, bil milli skeytiþversniða sé ekki minna en 50 x járnaþvermálið.

PLÖTUKANTUR OG VEGGENDAR:



2K16 (nema annað sé tekið fram)

K10 c/c 20 (nema annað sé tekið fram)

Járnum í efri brún er haldið uppi með stólum. Yfir, undir og upp með múropum komi 2K16 er nái 50 cm út fyrir opin. Einnig komi 2K16 í alla veggenda og frístandandi veggi.
Með plötuopum komi jafn mörg járn og klippt eru burtu. Öll járn kringum op skulu ná 50 cm út fyrir opin.

Í steypuskilum ójárnbentra veggja komi K10 c 30 L=115 cm sem ganga 50 cm upp fyrir plötu.

Punktar á grunnmynd tákna K16 mm járn.

FRÁGANGUR Á HORNUM ÞAR SEM JÁRNAGRINDUR MÆTAST:



Þéttleiki vinkla sá sami og þéttleiki láréttra járna í grind.



Vakin er athygli á nánari ákvæðum staðals ÍST 10.

FJARÐLÆGÐ JÁRNA FRÁ STEYPUYFIRBORÐI:

	Hula í cm.		
	PLÖTUR	VEGGIR BITAR	STOÐIR
Innanhúss.	2.5	2.5	2.5
Utanhúss og þar sem raki er mikill	3.5	3.5	3.5
Þar sem sjórok er eða jarðvegssýrur	3.5	4.0	4.0
Þar sem tærandi lofttegunda gætir.	3.5	4.0	4.0
Í vatni.	4.0	4.5	5.0
Steypa að jörðu t.d. sökklar.	5.0	5.0	5.0

Járnum skal haldið í réttri fjarlægð frá mótum með þar tilgerðum klossum úr plasti eða steinsteypu.

STEINSTEYPA:

Öll steypa og steypuvinna skal vera í samræmi við staðal ÍST 10, framkvæmdaflokk B. Nota skal loftblendi sem gefur 5-6,5% loftinnihald við útlögn.
Titra skal alla steypu í mótum.
Sigmál steypu skal vera 8-10 cm.
Lágmarks sementsinnihald í C25 steypu er 300 kg/m³ og v/s $\leqslant$ 0.55
Lágmarks sementsinnihald í C30 steypu er 330 kg/m³ og v/s $\leqslant$ 0.50
Lágmarks sementsinnihald í C35 steypu er 360 kg/m³ og v/s < 0.45
Hámarks steinastærð í C25 og C30 steypu er 25 mm.
Hámarks steinastærð í C35 steypu er 16 mm.

BYGGINGARHLUTAR.	BRÓTÞOLSFLOKKUR
Botnplata:	C25
ÖLL ÖNNUR STEYPA:	C30

Álagsforsendur:

Notálag: **Gólf 2,0 KN/m² + 2,5 KN/m² (léttir veggir og ásteypa). Svalir 4,0 KN/m².**

Grunngildi snjóálags: **2,1 KN/m².**

Grunngildi vindálags: **1,8 KN/m².**

Að öðru leiti vísast til eftirfarandi skjala:
- Eigið álag: **Skv FS ENV 1991-2-1:1995**
- Notálag: **Skv FS ENV 1991-3:1995**
- Jarðskjálftaálag: **Skv FS ENV 1998-1-1:1994 og FS ENV 1998-2:1994 auk ísl. þjóðskjala.**

Breytingar:
–

TÓV
TEIKNISTOFAN ÖÐINSTORGI, VERKFRÆÐISTOFA ehf.
Öðinsgötu 7
101 Reykjavík
Netfang: gusti@to.is
Sími: 510 2210

Verkefni: MIÐENGI, ÁLFTAVATNI, SUMARHÚS

Heiti: BURÐARVIRKI: Almennar skýringar.

Hönnun: VÍFILL ODDSSON kt. 101237-3629 — VERKFRÆÐINGUR FVFÍ – FRV
GÚSTAF VÍFILSSON kt. 231163-5069 — VERKFRÆÐINGUR FVFÍ
KRISTJÁN S. GUÐMUNDSSON kt. 070254-5819 — VERKFRÆÐINGUR FVFÍ

Áritun aðalhönnuðar:

M. 1:1
R. G.V.
T. G.V./I.V.
Dags. Nóv. 2015.

6576

Nr. 1593-1-1.